

## Sýnishorn af landbótaáætlun

### Landbótaáætlun fyrir Kot í Kotssveit, 2024-2028

#### Ítarupplýsingar við umsókn

#### 1. Inngangur

- 1.1. Áætlun þessi hefur verið unnin af Jóni Jónssyni og Guðrúnu Gunnarsdóttur í samstarfi við Land og skóg.
- 1.2. Sem styrkþegar í Landbótasjóði einsetjum við okkur að vinna eftir áætlun þessari eftir bestu getu og í góðu samstarfi við Land og skóg. En helstu markmiðin eru skv. umsókn: að loka rofabörðum, græða upp landið þannig að yfirborð svæðisins sé orðið það stöðugt svo hægt sé að sá birkifræi í það. Heildarstærð svæðis er um 120 ha, þar af erum um 5 ha með gróðurþekju undir 5 % en 100 ha eru lítt gróin svæði með virkum rofabörðum á jaðrinum með gróðurþekju á bili 5-20 %.

#### 2. Landnotkun svæðis

##### Dæmi

##### 2.1. Núverandi og fyrri nýting / beitt

Svæðið er sumarbeitland og hefur verið nýtt sem slíkt í gegnum tíðina. Í dag ganga á svæðinu um 150 ær með lömbum frá u.þ.b. 20. júní til loka ágúst.

##### 2.2. Framtíðarnotkun / beitt

Reiknað er með að nýting verði með óbreyttu sniði á komandi árum. Fjárfjöldi mun að öllum líkindum haldast svipaður eða fækka lítillega.

##### Eða

##### 2.3. Núverandi og fyrri nýting / friðað

Svæðið hefur verið friðað frá beit í um 20 ár. Nýting svæðisins í dag er lítil, nema til útivistar en um svæðið liggur reiðleið.

##### 2.4. Framtíðarnotkun / friðað

Á áætlun er að auka notkun svæðisins til útivistar, en merkja á gönguleið um svæðið. Gert er ráð fyrir áframhaldandi umferð hestafólks um afmarkaða reiðleið.

#### 3. Uppgræðsla – Dæmi um aðgerðir

Til að ná ofangreindum markmiðum um landbætur er sett fram eftirfarandi stefna:

##### 3.1. Notkun tilbúins áburðar.

Áburðargjöf – Árlega verður dreift 50 Kg/N af tilbúnum áburði 50 ha á þar sem gróðurþekja er á bilinu 5-20%. Ráðgert er að bera á hvern hluta svæðisins í þrjú ár og hvíla það í eitt ár og bera svo aftur á það í eitt til tvö ár. Þörf á áburðargjöf á svæðið verður metið árlega og verður uppgræðslusvæðið stækkað eftir því hvernig

uppgræðslan gengur. Áburði verður einnig dreift á svæðið þar sem tætt var úr heyrúllunum.

*Sáning* – Um 5 ha svæði telst ógróið (0-5% gróðurþekja), moldir með mikilli frostlyftingu, í það svæði verður sáð grasfræi. Lagt er upp með að klára sáningu á fyrstu tveimur árum áætlunarinnar. Ráðlagt sáðmagn af húðuðu grasfræi er u.þ.b. 20 kg/ha (10-15 kg/ha af óhúðuðu fræi) en 50-75kg/N á ha. Land og skógur útvegar húðaðan túnvingul í verkefnið.

### 3.2. Notkun lífræns áburður:

*Rúlludreifing* – Gróðureyjar/torfur eru um miðbik svæðisins og verður tætt úr 20 heyrúllum á ári upp í börðin en markmiðið er að stöðva frostlyftingu og græða þau upp.

### 3.3. Birkisáning

Þegar borið hefur verið á uppgræðslusvæðið í tvö ár er ráðgert að dreifa birkifræi yfir svæðið með höndum. Með því er reynt að tryggja að birki nái fótfestu á svæðinu og muni svo í framtíðinni sá sér út yfir stærra svæði.

Umfang árlegrar uppgræðslu er áætlað samkvæmt eftirfarandi töflu:

Ár	Svæði sbr. loftmynd	Áburðargjöf		Sáning grasfræs			Samtals			Birki-sáning ha	Rúllur fjöldi
		ha	Áburður	ha	Fræ	Áburður	ha	Fræ	Áburður		
2024	1	50	10	3	60	1,2	53	60	11,2		20
2025	1	50	10	2	40	1,2	52	40	11,2		20
2026	1	50	10				50	0	10	2	20
2027	1	50	10				50	0	10	2	20
2028	1	50	10				50	0	10	2	20

**Ath. magn áburðar er í tonnnum en magn fræs er í kg. Áburðarmagn í töflu miðast við áburð með u.þ.b. 25% N (t.d. 25-5 eða 24-6).**

Sáning og dreifing tilbúins áburðar skal framkvæmd eins snemma að sumri og kostur er og eigi síðar en 10. júlí ár hvert.

## 4. Gildistími – endurskoðun


4.1. Gildistími þessarar áætlunar er frá 1. janúar 2024 til 31. desember 2028.

4.2. Þessi áætlun skal endurskoðuð eftir þörfum með tilliti til fjármögnunar, gangi verkefna o.fl.

5. **Fylgiskjöl.** Meðfylgjandi þessari landbótaáætlun eru eftirtalin fylgiskjöl og teljast þau hluti landbótaáætlunarinnar:

5.1. Kort af uppgræðslusvæði í Koti [Afstöðumynd af svæðinu verður að fylgja]

Staður og dags.



0 75 150 m

Land og skógur, SP janúar 2024 / Grunnöggn LMÍ / Myndkort



Loftmyndir ehf